



Útilokunarlisti Arion banka

September 2024

Útilokunarlisti Arion banka

Arion banki hefur sett fram útilokunarlista fyrir þá starfsemi sem bankinn mun ekki fjárfesta í, veita ráðgjöf og/eða lána til. Umfram þá útilokun mun bankinn ekki eiga í viðskiptum við aðila í starfsemi sem er ólögleg samkvæmt lögum eða reglum viðkomandi lands sem starfsemin á sér stað í.

Útilokunin nær til fyrirtækja í eftirfarandi starfsemi:

- ▶ Starfsemi sem brýtur á grundvallarmannréttindum s.s. með þrældómi eða nauðungarvinnu.
- ▶ Umdeild vopnaframleiðsla, þ.e. jarðsprengjur, klasasprengjur, efnavopn, sýklavopn og kjarnorkuvopn.
- ▶ Fyrirtæki sem byggja meginstarfsemi sína á framleiðslu á klámi eða eru beintengd framleiðslu á klámi.
- ▶ Fyrirtæki í tóbaksframleiðslu.
- ▶ Fyrirtæki sem afla sér tekna með fjárhættuspilum og/eða veðmálum, að undanskilinni þeirri starfsemi sem hlotið hefur starfsleyfi á grundvelli laga um happdrætti eða sérлага.
- ▶ Olíuleit.
- ▶ Námur og/eða vinnsla á jarðefnaeldsneyti, þ.e. kolum, mó, jarðgasi og olíu, til orkuframleiðslu.

Stefnir samþættir UFS málefni í fjárfestingarferli sjóða í stýringu félagsins og skimar sérstaklega fyrir félögum sem samræmast ekki þeim siðferðilegu takmörkunum sem hafa verið settar. Sjá má þær [takmarkanir á heimasíðu Stefnis](#).

Þar að auki hefur bankinn sett sér [stefnu um aðgerðir gegn fjárglæpum](#) þar sem markmiðið er að leitast við að hindra að þjónusta og starfsemi Arion banka sé misnotuð til að þvætta fjármuni eða til fjármögnunar hryðjuverka. Eru því settar fram viðskiptatakmarkanir þessu tengdu sem sjá má á heimasíðu Arion banka.

Í [yfirlýsingu um sjálfbærniáhættu](#) sem birt er á heimasíðu Arion banka má finna lýsingu á hvernig sjálfbærni er felld inn í fjárfestingarákvarðanir sem og í og ráðgjöf innan eignastýringar bankans. Kemur þar fram að ef sjálfbærniáhætta fjárfestingarkosts sé óásættanleg sé gripið til viðeigandi ráðstafana eins og að fjárfesta ekki í eða mæla ekki með vöru, ásamt öðrum viðeigandi aðgerðum.

Útgáfa 1.0

03.09.2024